



## Aðalfundur Aftureldingar 2024

18. apríl 2024 – Fundur haldinn í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ

- Fundargerð -

### Fundur hófst kl. 20.00

#### 1. Fundarsetning

Birna Kristín Jónsdóttir, formaður aðalstjórnar Aftureldingar, bauð fundargesti velkomna til fundarins.

#### 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Stungið upp á Hafsteini Pálssyni sem fundarstjóra og Árna Braga Eyjólfssyni sem fundarritara. Einróma samþykkt af fundarmönnum. Þau tóku þá þegar til starfa og tók Hafsteinn við fundarstjórn.

#### 3. Ársskýrsla stjórnar

Birna Kristín formaður kynnti ársskýrslu Aftureldingar. Ársskýrslan er á rafrænu formi eins og undanfarin ár og má nálgast hana í heild sinni á [2023.afturelding.is](https://2023.afturelding.is) Birna Kristín fór yfir árið og rifjaði upp marga góða sigra og skemmtilegar minningar. Boðið var upp á umræðu um skýrslu stjórnar en enginn kvaddi sér hljóðs.

#### 4. Ársreikningur 2023

Sigurður Rúnar Magnússon, gjaldkeri Aftureldingar, kynnti ársreikning aðalstjórnar Aftureldingar og einnig samstæðureikning Aftureldingar í heild sinni.

Ársreikning aðalstjórnar má sjá í rafrænni ársskýrslu Aftureldingar: [2023.afturelding.is](https://2023.afturelding.is)

Boðið var upp á umræðu um ársreikning en enginn kvaddi sér hljóðs. Ársreikningur var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

#### 5. Fjárhagsáætlun 2024

Sigurður Rúnar Magnússon, gjaldkeri Aftureldingar, kynnti fjárhagsáætlun 2024. Gert er ráð fyrir tekjum upp á 76.456.000 kr. og gjöldum upp á 73.273.000 kr. og er því tap/hagnað upp á 3.183.000 kr.

Fundarstjóri gaf orðið laust vegna fjárhagsáætlunarinnar.

*Spurning vegna rekstur skrifstofu hvers vegna sú upphæð hækkar á milli ára og var það vegna Aðkeyprar þjónustu vegna verkefna.*

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

#### 6. Lagabreytingar (*þessi liður er ekki á auglýstri dagskrá*)

Engar lagabreytingar liggja fyrir.

## 7. Heiðursviðurkenningar

Geirarður Long stýrði heiðursviðurkenningum fyrir hönd aðalstjórnar. Eftirtaldir aðilar hlutu viðurkenningu frá Aftureldingu að þessu sinni:

Nafn	Deild	Merki
Sigurður Straumfjörð	Handbolti	Bronsmerki
Katrín Jónsdóttir	Knattspyrna	Bronsmerki
Gísli Elvar Halldórsson	Knattspyrna	Bronsmerki
Arna Hagalíns	Knattspyrna	Bronsmerki
Ragnheiður Vídalín Gísladóttir	Taekwondo	Silfurmerki
Sigrún B. Sveinsdóttir	Taekwondo	Silfurmerki
Willem Cornelis Verheul	Karate	Silfurmerki
Anna Olsen	Taekwondo	Silfurmerki
Haukur Sörli	Handbolti	Gullmerki
Ingimundur Helgason	Handbolti	Gullmerki

Eftirtaldir aðilar voru heiðraðir frá UMSK og var það Guðmundur sem veitti viðurkenninguna fyrir hönd UMSK

Nafn	Deild	Merki
<i>Birna Kristín Jónsdóttir</i>	<i>Aðalstjórn</i>	<i>Silfurmerki</i>

## 8. Kosningar

### a) Kosning formanns

Ekki hefur komið fram framboð til formanns

### b) Kosning tveggja stjórnarmanna til tveggja ára

Hrafn Ingvarsson er einn í framboði til stjórnar og var hann kjörin einróma í stjórn til tveggja ára.

### c) Kosning eins varamanns stjórnartil tveggja ára

Engin aðili var í framboði til til varamanns stjórnar

Þar sem ekki hefur komið fram framboð til að formanns né til annars af tveimur aðalmönnum í stjórn sem og varamanns í stjórn og því ljóst að stjórn er ekki fullmönnuð. Fundarstjóri leggur því til að boðað verði til aukaaðalfundar þar sem eina málefni hans er að kjósa formann og um þau sæti í stjórn sem laus eru til kosningar, það eru 1 sæti aðalmanns til tveggja ára og 1 sæti varamanns til tveggja ára.

Samkvæmt 11. grein í lögum Ungmennafélagsins Aftureldingar segir orðrétt:

### **11. grein.**

*Aukaaðalfundur félagsins. Aukaaðalfundur félagsins má halda ef aðalstjórn álitur þess þörf eða ef 30 félagar óska þess til umræðu um málefni félagsins. Aukaaðalfundur er lögmætur ef til hans er boðað samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur. Lagabreytingar og stjórnarkosning skulu þó að jafnaði ekki fara fram á aukaaðalfundi.*

Þar sem skýrt er í lögum að ekki er bannað að viðhafa stjórnarkosningu á aukaaðalfundi að þá er það tillaga fundarstjóra að boði skuli til nýs aðalfundar í kjölfar þessa fundar og skal hann auglýstur nú þegar. Nýr aðalfundur verður því haldin 2. maí og hans eina verkefni er að kjósa formann til eins árs, aðalmanns í stjórn til tveggja ára og varamanns í stjórn til tveggja ára.

Ákvæði þetta í lögum um að jafnaði skulu þó ekki fara fram lagabreytingar og stjórnarkosning felur í sér að á hverju starfsári sé ekki hægt að boða til nýs aðalfundar til að breyta lögum eða kjósa stjórn. Aðstæður þær sem uppi eru núna er að ekki hefur tekist að manna stöðu formanns né fylla stjórn samkvæmt lögum og því nauðsynlegt að boða nýjan aðalfund með þessu eina málefni.

Aðalfundur samþykkti einróma tillögu fundarstjóra og var skrifstofu Aftureldingar falið að boða þegar til aukaaðalfundar sem væri fimmtudagurinn 2. maí 2024

#### **d) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga aðalstjórnar**

Gerð tillaga um að Erna Reynisdóttir og Valdimar Leó Friðriksson verði kjörin skoðunarmenn reikninga aðalstjórnar. Tillagan samþykkt einróma.

#### **e) Kosning eins skoðunarmanns reikninga deilda**

Gerð tillaga um Valdimar Leó Friðriksson sem skoðunarmann reikninga deilda. Samþykkt einróma.

## **9. Önnur mál og ávarp gesta**

Halla Karen oddviti Bæjarstjórnar tekur til máls. Kann að meta þá miklu forvörn sem að íþróttafélagið okkar veitir ungmennum Mosfellsbæjar. Það var stýrihópur settur upp í janúar til að endurvekja þarfagreiningu sem unnin var árið 2019. Stefnt er að því að heildarskipulag íþróttasvæðisins liggja fyrir í október.

Þakkar Birnu og Grétari fyrir gott samstarf.

Sif Sturludóttir kynnir niðurstöður þarfagreiningar. Þakkar þeim sem gáfu sér tíma í að aðstoða við gerð hennar. Sýnir sýnilega þá vöntun sem að er í aðstöðumálum að Varmá.

Agnar Freyr ræðir þarfagreiningu, vil sjá skýrari Tímalínu.

Regína Bæjarstjóri tekur til máls með svörun til Agnars.

Ræðir um hversu mikið stærri byggingu heldur en sú sem áður var fyrirhuguð. Veltir fyrir sér því svæði sem Varmá hefur uppá að bjóða, eru lóðir sem hægt er að selja eða hvaða tekjumöguleikar

standa til boða. Stýrihópur er skylt að ljúka vinnu 1.október og þá ætti Tímalína að vera klár. Á að vera klárt fyrir fjárhagsáætlun 2025.

Þakkar Birnu og Grétari fyrir gott samstarf.

Gunna Stína tekur til máls og ræðir Mosöld.

Biðst afsökunar á því að loka allar aðrar deildir frá varmárvæðinu fyrstu vikuna í maí en er þetta að öllum líkindum stærsta íþróttamót sem haldið er í Mosfellsbæ. Leggur áherslu á að bærinn njóti góðs af móti sem og þessu.

Þakkar stýrihóp fyrir góða vinnu ásamt því að þakka Grétari og Birnu fyrir þeirra samstarf.

Agnar tekur til máls og ræðir aðstöðumál niður á velli. Klósett ílla hirt, þarf að sinna vellinum betur og það er enginn hátalarakrefi til upplýsinga fyrir fólk og fjölmiðla.

Geirarður Long tekur til máls

Þakkar Birnu Kristínu fyrir sín 9. ár, Veitir henni silfurmerki Aftureldingar.

## 10. Fundarslit

Birna Kristín Jónsdóttir, fyrrum formaður Aftureldingar, þakkaði fundargestum fyrir komuna á fundinn og óskaði þeim góðrar heimferðar.

**Fundi slitið kl. 21:28**

**Fundargerð ritaði Árni Bragi Eyjólfsson**